

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræði 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 24. febrúar 2013

**Efni: Umsögn Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hrl um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (heildarlög), 453. mál.**

Vísað er til tölvupósts yðar 7. febrúar 2013 þar sem undirritaðri er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara. Að því tilefni er þess jafnframt getið að undirrituð hafði nokkra aðkomu að undirbúningi að framangreindu frumvarpi.

Undirrituð fagnar frumvarpinu og telur að með lögfestingu þess yrði stigið afar mikilvægt skref í þá veru að tryggja stöðu uppljóstrara sem telja má að felist í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í lögfestingu frumvarpsins fælust jafnframt auknir möguleikar til að tryggja að málefni sem eiga erindi til almennings og varða jafnvel almannahagsmuni, komist til vitundar þeirra sem vald hafa til að grípa til viðeigandi aðgerða. Undirrituð telur því að miklar réttarbætur felist í frumvarpinu fyrir uppljóstrara og að samfélagslegur ávinningur af lögfestingu þess yrði mikill.

Af gefnu tilefni vill undirrituð koma á framfæri þeirri athugasemd að undirrituð telur að réttur uppljóstrara til nafnleyndar þurfi að koma skýrt fram í frumvarpinu enda grundvallaratriðið hvað þetta réttarsvið varðar. Samkvæmt frumvarpinu tekur 11. gr. þess til *banns gegn skaðlegra aðgerða gegn uppljóstrara og aðila tengdra honum*. Þó að nafngreining uppljóstrara án samþykkis hans sé meðal þeirra skaðlegu aðgerða sem bann er lagt við í ákvæðinu, telur undirrituð að ástæða sé til að tiltaka rétt uppljóstrara til nafnleyndar í sérstöku ákvæði. Með slíku ákvæði yrði lögð viðeigandi áhersla á þennan grundvallarrétt uppljóstrara sem er oftast en ekki forsenda uppljóstrunar um málefni sem varða almannahagsmuni. Undirritaðri er ljóst að í athugasemdum um 11. gr. í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er rökstutt að ákvæðið kveði á um „rétt uppljóstrara til nafnleyndar vegna uppljóstrunarinnar en ákvæðinu er ætlað að vernda uppljóstrara þegar upplýsingum er miðlað til fréttamanna í því skyni að stuðla að markmiðum þessara laga og til að stuðla að uppljóstruninni í hverju tilteknu tilviki. Í sumum tilfellum getur verið að uppljóstrarinn vilji gæta nafnleyndar [...]“ Undirrituð tekur undir framangreindan rökstuðning sem fram kemur um 11. gr. og vísar til hans til stuðnings því að frumvarpinu verði breytt á þann veg að sérstakt ákvæði leggi bann við að upplýsa um hver hafi miðlað upplýsingum sem falla undir vernd frumvarpsins, nema með sérstöku samþykki þess sem upplýsingunum miðlaði.

Að öðru leyti eru ekki gerðar aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

  
Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.